

Nr. 21.

22.

mai.

**Viðaukalög**

við

lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

**Vjer Christian hinn Niundi,** af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi i Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrgett hafa á safnaðarfundi, samþykkir að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá ber eiganda eða umráðamanni kirkjunnar að annast um, að hljóðfæri sjé keypt fyrir kirkjunnar fje, svo framarlega, sem fje er fyrir hendi, sem kirkjan getur án verið, og hjeraðsfundur samþykkir. Hljóðfærið telst síðan með áhöldum kirkjunnar. En hvort sem hljóðfæri er keypt fyrir tje kirkju eða eigi, skal söfnuðurinn kosta hljóðfærasláttinn og halda söng uppi á sinn kostnað, nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eða öllu af kirkjunnar fje, og hjeraðsfundur síðan samþykki, að svo skuli vera.

## 2. gr.

Ef söfnuðurinn kostar kirkjusönginn að nokkru eða öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar eða sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfærasláttinum, eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eptir efnun manna og ástæðum.

## 3. gr.

Sóknarnefndir innheimta gjaldið, og skal hver húsráðandi inna það af hendi fyrir sig og skyldulið sitt. Gjalddagi er 31. des. Taka má gjald þetta lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 22. maí 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 21. Viðaukalög 22. maí við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

**Lov**

indeholdende

Nr. 21.  
22de  
Maj.

Tillæg til Lov Nr. 5 af 27de Februar 1880 om Bestyrelsen af Menighedsanliggender og om Oprettelsen af Menighedsudvalg for Kirkesogne og Herreder.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Raade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vor Samtykke stadsfæstet følgende Lov:

**§ 1.**

Dersom Flertallet af de paa et Menighedsmøde mødte stemmeberettigede Menighedsmedlemmer vedtager at indføre et Musikinstrument til Brug ved Gudsstjenesten i vedkommende Kirke, bør Kirkens Ejær eller Børge foranstalte et saadant indkjøb for Kirkens Midler, saafremt der er Midler forhaanden, som Kirken kan undvære og Herredsmødet bifalder Foranstalteningen. Instrumentet opføres derefter blandt Kirkens Inventarier. Men hvad enten et Instrument er kjøbt for Kirkens Midler eller ikke, skal Spillet samt Kirkesangen bekostes af Menigheden, medmindre Kirkens Ejær eller Børge samtykker i, at Omkostningerne herved helt eller delvis udredes af Kirkens Midler, og Herredsmødet derefter giver sit Samtykke hertil.

**§ 2.**

Saafremt Kirkesangen helt eller delvis bekostes af Menigheden, har Sogneudvalget efter Samraad med Præsten at paaligne alle Sognebeboere, der ikke erhölde deres Underhold af Paarørende eller Fattigvæsenet, Omkostningerne ved Sangundervisningen og Spillet eller Sangen, isald Instrument ikke benyttes, under Tagtagelse af den Hovedregel, at den ene Halvdel af Omkostningerne fordeles lige paa alle de Afgiftspligtige, medens den anden Halvdel paalignes efter Formue og Lejlighed.

**§ 3.**

Sogneudvalget indkräver Afgiften, der af enhver Husfader erlægges for hans Husstand. Hørfaldsdagen er den 31te Decbr. For Afgiften kan Udpantning finde Sted overensstemmende med Lov af 16de Decbr. 1885.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de Maj 1890.

Under Vor kongelige Haand og Segl.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 11.  
7.  
febr.

## Lög

um

viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887.

**Vjer Christian hinn Niundi,** af guðs náð Danmerkur konungur,  
 Vinda og Gauta, heitogi i Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
 Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Amtsráð geta eptir tillögum sýslunefnda veitt undanþágu frá ákvæðum laga 10. nóv. 1887 um breidd sýsluvega, og sýslunefndir eptir tillögum hreppsnefnda um breidd hreppavega, þegar landslagi er svo háttáð á einhverjum stað, að sjerstakar ástæður mæla með því.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 7. febrúar 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*